

REGLUGERÐ

um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir gagnvart Alþýðulýðveldinu Kóreu.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Alþýðulýðveldið Kóreu nr. 1718 (2006) og 1874 (2009) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Alþýðulýðveldið Kóreu, sbr. ályktun nr. 1718 (2006).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/Docs/sc/committees/1718Template.htm>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Bann við viðskiptum með kjarnbúnað o.fl.

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að selja, miðla, útvega, flytja eða flytja út frá Íslandi eða með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loftförum, með beinum eða óbeinum hætti, eftirfarandi hluti til Alþýðulýðveldisins Kóreu, til afnota fyrir það eða í þágu þess, hvort sem þeir eru upprunnir hérlendis eða ekki:

- a. hluti, sem geta ýtt undir kjarnáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu eða þróun skotflauga, sem eru nánar tilgreindir í skjölum öryggisráðsins nr. S/2006/814 og S/2006/815, dags. 13. október 2006, sbr. I., II. og V. viðauka,
 - b. hluti, sem tengjast efna-, sýkla- eða eiturvopnum, sem eru nánar tilgreindir í skjali öryggisráðsins nr. S/2006/853, dags. 7. nóvember 2006, sbr. III. viðauka,
 - c. munaðarvörur, sbr. IV. viðauka,
- sbr. a-lið 8. mgr. ályktunar nr. 1718 (2006).

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að selja, miðla, útvega eða flytja til Íslands eða um Ísland eða með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loftförum, með beinum eða óbeinum hætti, þá hluti sem tilgreindir eru í a- og b-liðum 1. mgr.

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að láta Alþýðulýðveldinu Kóreu í té tækniþjálfun, ráðgjöf, þjónustu eða aðra aðstoð sem tengist útvægum, framleiðslu, viðhaldi eða notkun þeirra hluta sem tilgreindir eru í a- og b-liðum 1. mgr., sbr. 8. mgr. ályktunar nr. 1718 (2006).

3. gr.

Vopnaviðskiptabann.

Vopnaviðskiptabann skal gilda gagnvart Alþýðulýðveldinu Kóreu, sbr. 8. mgr. ályktunar nr. 1718 (2006) og 9.-10. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

4. gr.

Skoðunarheimild, upptaka farms og þjónustubann.

Sé réttmæt ástæða til að ætla að loftfar eða skip, sem er á leið til eða frá Alþýðulýðveldinu Kóreu og fer um íslenskt yfirráðasvæði, flytji hluti, sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, er bærur stjórnvöldum rétt að skoða farminn, sbr. 11. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009). Bærur stjórnvöldum er enn fremur rétt að skoða slíkan farm á úthöfum, með samþykki fánaríkis, sbr. 12. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

Farmur, sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari og finnst í loftfari eða skipi skv. 1. mgr., skal gerður upptækur og honum eytt eða ráðstafað á annan hátt, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, sbr. 14. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

Bannað er að þjónusta loftfar eða skip frá Alþýðulýðveldinu Kóreu, þ.m.t. að útvega eldsneyti eða aðföng, ef réttmæt ástæða er til að ætla að loftfarið eða skipið flytji hluti sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 17. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

5. gr.

Landgöngubann.

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. V. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. e-lið 8. mgr. ályktunar nr. 1718 (2006).

6. gr.

Frysting fjármuna og fjármálaþjónusta.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila skv. V. viðauka eða sem eru viðriðrir kjarn-, skotflauga- eða geryðingarvopnaáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu.

Bannað er að veita fjármálaþjónustu eða yfirfæra fjármuni eða efnahagslegan auð til aðila skv. V. viðauka eða sem getur gagnast kjarn-, skotflauga- eða geryðingarvopnaáætlunum Alþýðulýðveldisins Kóreu, sbr. 18. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

7. gr.

Bann við fjárhagsaðstoð.

Bannað er að veita Alþýðulýðveldinu Kóreu styrki, fjárhagsaðstoð eða vildarlán, nema í mannúðarskyni eða til þróunar til þess að mæta með beinum hætti þörfum almennings eða til þess að stuðla að því að kjarnvæðingu landsins verði snúið við, sbr. 19. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

8. gr.

Bann við útflutningsaðstoð.

Bannað er að veita opinberu fé til að styðja viðskipti við Alþýðulýðveldið Kóreu, þ.m.t. útflutningslán, útflutningsábyrgðir eða útflutningstryggingar, sem getur gagnast kjarn-, skotflauga- eða geryðingarvopnaáætlunum Alþýðulýðveldisins Kóreu, sbr. 20. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

9. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa, en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

10. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Norður-Kóreu nr. 153/2009 ásamt síðari breytingum. Þó skulu I.-IV. viðaukar við reglugerð nr. 153/2009 halda gildi sínu. Tilvísanir í I.-IV. viðauka í þessari reglugerð eiga við þá.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2011.

Össur Skarphéðinsson.

Einar Gunnarsson.

Fylgiskjal.

V. VIÐAUKI

Listi varðandi landgöngubann og frýstingu fjármuna, sbr. 5. og 6. gr.

Last updated 16 July 2009

LIST OF ENTITIES, GOODS AND INDIVIDUALS SUBJECT TO THE MEASURES IMPOSED BY PARAGRAPH 8 OF RESOLUTION 1718 (2006)¹

A) Entities

The Committee designated the following entities to be subject to the measures imposed in paragraph 8(d) of resolution 1718 (2006):

1. KOREA MINING DEVELOPMENT TRADING CORPORATION (a.k.a. CHANGGWANG SINYONG CORPORATION; a.k.a. EXTERNAL TECHNOLOGY GENERAL CORPORATION; a.k.a. DPRKN MINING DEVELOPMENT TRADING COOPERATION; a.k.a. "KOMID"). Central District, Pyongyang, DPRK. Primary arms dealer and main exporter of goods and equipment related to ballistic missiles and conventional weapons.

2. KOREA RYONBONG GENERAL CORPORATION (a.k.a. KOREA YONBONG GENERAL CORPORATION; f.k.a. LYONGAKSAN GENERAL TRADING CORPORATION). Pot'onggang District, Pyongyang, DPRK; Rakwon-dong, Pothonggang District, Pyongyang, DPRK. Defense conglomerate specializing in acquisition for DPRK defense industries and support to that country's military-related sales.

3. TANCHON COMMERCIAL BANK (f.k.a. CHANGGWANG CREDIT BANK; f.k.a., KOREA CHANGGWANG CREDIT BANK). Saemul 1-Dong Pyongchon District, Pyongyang, DPRK. Main DPRK financial entity for sales of conventional arms, ballistic missiles, and goods related to the assembly and manufacture of such weapons.

4. NAMCHONGANG TRADING CORPORATION

Description: Namchongang is a DPRK trading company subordinate to the General Bureau of Atomic Energy (GBAE). Namchongang has been involved in the procurement of Japanese origin vacuum pumps that were identified at a DPRK nuclear facility, as well as nuclear-related procurement associated with a German individual. It has further been involved in the purchase of aluminum tubes and other equipment specifically suitable for a uranium enrichment program from the late 1990s. Its representative is a former diplomat who served as DPRK's representative for the IAEA inspection of the Yongbyon nuclear facilities in 2007. Namchongang's proliferation activities are of grave concern given the DPRK's past proliferation activities.

Location: Pyongyang, DPRK.

A.K.A.: NCG; NAMCHONGANG TRADING; NAM CHON GANG CORPORATION; NOMCHONGANG TRADING CO.; NAM CHONG GAN TRADING CORPORATION

¹ Entities 1- 3 were designated by the Committee on 24 April 2009. Additional entities, goods and individuals were designated by the Committee on 16 July 2009.

5. HONG KONG ELECTRONICS

Description: owned or controlled by, or acts or purports to act for or on behalf of Tanchon Commercial Bank and KOMID. Hong Kong Electronics has transferred millions of dollars of proliferation-related funds on behalf of Tanchon Commercial Bank and KOMID (both designated by the Committee in April 2009) since 2007. Hong Kong Electronics has facilitated the movement of money from Iran to the DPRK on behalf of KOMID.

Location: Sanaee St., Kish Island, Iran.

A.K.A.: HONG KONG ELECTRONICS KISH CO.

6. KOREA HYOKSIN TRADING CORPORATION

Description: a DPRK company based in Pyongyang that is subordinate to Korea Ryonbong General Corporation (designated by the Committee in April 2009) and is involved in the development of WMD.

Location: Rakwon-dong, Pothonggang District, Pyongyang, DPRK.

A.K.A.: KOREA HYOKSIN EXPORT AND IMPORT CORPORATION

7. GENERAL BUREAU OF ATOMIC ENERGY (GBAE)

Description: The GBAE is responsible for the DPRK's nuclear program, which includes the Yongbyon Nuclear Research Center and its 5 MWe (25 MWt) plutonium production research reactor, as well as its fuel fabrication and reprocessing facilities. The GBAE has held nuclear-related meetings and discussions with the International Atomic Energy Agency. GBAE is the primary DPRK government agency that oversees nuclear programs, including the operation of the Yongbyon Nuclear Research Center.

Location: Haeudong, Pyongchen District, Pyongyang, DPRK.

A.K.A.: General Department of Atomic Energy (GDAE)

8. KOREAN TANGUN TRADING CORPORATION

Description: Korea Tangun Trading Corporation is subordinate to DPRK's Second Academy of Natural Sciences and is primarily responsible for the procurement of commodities and technologies to support DPRK's defense research and development programs, including, but not limited to, WMD and delivery system programs and procurement, including materials that are controlled or prohibited under relevant multilateral control regimes.

Location: Pyongyang, DPRK.

B) Goods

The Committee determined that these items shall be specified for the purpose of paragraph 8(a)(ii) of resolution 1718 (2006):

- 1) "Graphite designed or specified for use in Electrical Discharge Machining (EDM) machines"

- 2) "Para-aramid fiber (Kevlar and other Kevlar-like), filament and tape"

C) Individuals

The Committee designates the following individuals to be subject to the provisions of the measures imposed in paragraphs 8(d) and 8(e) of resolution 1718 (2006):

- 1. Yun Ho-jin:** Director of Namchongang Trading Corporation; oversees the import of items needed for the uranium enrichment program. (Additional information: born 13 October 1944; also known as Yun Ho-chin)
- 2. Ri Je-son:** Director of the General Bureau of Atomic Energy (GBAE), chief agency directing DPRK's nuclear program; facilitates several nuclear endeavors including GBAE's management of Yongbyon Nuclear Research Center and Namchongang Trading Corporation. (Additional information: born 1938; also known as Ri Che-son)
- 3. Hwang Sok-hwa:** Director in the General Bureau of Atomic Energy (GBAE); involved in DPRK's nuclear program; as Chief of the Scientific Guidance Bureau in the GBAE, served on the Science Committee inside the Joint Institute for Nuclear Research.
- 4. Ri Hong-sop:** Former director, Yongbyon Nuclear Research Center, oversaw three core facilities that assist in the production of weapons-grade plutonium: the Fuel Fabrication Facility, the Nuclear Reactor, and the Reprocessing Plant. (Additional information: born 1940)
- 5. Han Yu-ro:** Director of Korea Ryongaksan General Trading Corporation; involved in DPRK's ballistic missile program.